

Rekstrarstjórn Nausts

Fundargerð 8. fundar rekstrarstjórnar Dvalarheimilisins Nausts haldinn þriðjudaginn 11. ágúst 2020, kl. 12 að Fjarðarvegi 3.

Mætt: Kristín Kristjánsdóttir, Sigurður Þ. Guðmundsson, Halldóra Pálsdóttir, Herdís Eik Gunnarsdóttir, Sólrún Siggeirsdóttir hjúkrunarforstjóri (í fjarfundarsambandi), Halldóra Pálsdóttir rekstrarstjóri og Jónas Egilsson sveitarstjóri og formaður rekstrarstjórnar, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá og fundargerð

1. Umsókn um starf hjúkrunarforstjóra

Fram lagðar umsóknir um starf hjúkrunarforstjóra Nausts. Umsóknarfrestur var framlengdur þar sem allar fyrri umsóknir bárust eftir umsóknarfrestur rann úr. Tvær umsóknir bárust eftir að auglýst var á ný.

Bókun um afgreiðslu: Rekstrarnefndin mælir með því við byggðaráð að gengið verði til samninga við Karitas Ósk Agnarsdóttur.

Samþykkt samhljóða.

2. Önnur starfsmanna mál

Hjúkrunarforstjóri og rekstrarstjóri gerðu grein fyrir öðrum starfsmannamálum.

3. Sex mánaða uppgjör rekstrar

Hjúkrunarforstjóri, rekstrarstjóri og sveitarstjóri gerðu grein fyrir helstu niðurstöðum rekstrar hjúkrunarheimilisins fyrstu sex mánuði ársins.

4. Umsókn um íbúð fyrir aldraða

Fram er lögð umsókn um íbúð fyrir aldraða. Engin íbúð er laus sem stendur og því fer hann á biðlista eftir íbúð.

5. Önnur mál

- Rekstur líkhúss á Þórshöfn.

Samþykk að fela sveitastjóra að boða til fundar með rekstrarstjórn Nausts og stjórn kirkjugarðs.

- Fjárhagsáætlunargerð.
- Heimilishjálp.
- Óskum nýjum rekstrarstjóra, Herdísí Eik Gunnarsdóttir, velkomna til starfa.
- Rekstrarstjórn þakkar fráfarandi hjúkrunarforstjóra og rekstrarstjóra Nausts vel unnin störf og óskum þeim velferðar á nýjum stað.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:06